

# Vakta tugi þúsunda farartækja daglega

Trackwell er elsta starfandi fyrirtækið á forðastýringarmarkaðnum hérlandis og hefur í tuttugu ár þjónað fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi og erlendis með vöktun staðsetningar bifreiða, tækjafloata og úrvinnslu margs konar upplýsinga sem tengjast rekstri þeirra. 420 fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum nýta sér forðastýringarlausnir Trackwell.

„Forðastýringarlausnir Trackwell vinna nú úr upplýsingum frá um tuttugu þúsund farartækjum daglega,“ segir Guðjón Ýmir Lárusson, viðskiptastjóri Flotalausna. Guðjón segir fleiri fyrirtæki markvisst vera farin að nýta sér Flotakerfi Trackwell í stjórnun bifreiða og tækjafloata. „Fyrsta kynslóð ferilvöktunarkerfis Trackwell var hannað fyrir um tuttugu árum þegar Trackwell tók að sér að hanna og reka sjálfvirka tilkynningarskyldu íslenska skipaflotans fyrir Vaktstöð siglinga. Fljótlega upp úr því var hafist handa við útvíkkun kerfisins til nota í farartækjum á landi. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru af öllum stærðum og gerðum og með Flota, forðastýringarkerfi Trackwell, eru þau að nálgast upplýsingar allt frá einu farartæki upp í á annað hundrað.“

## Floti eins og hvert annað viðskiptatól

Floti hefur með tímanum þróast úr einföldu staðsetningarkerfi í viðskiptatól sem er fyrirtækjum nauðsynlegt við daglegan rekstur, ekki ósvipað innstimplunar- eða bókhaldskerfum. „Þegar stjórnendur hafa tekið kerfið í notkun er mælaborðið, rauntímakortíð eða viðhaldskerfið undantekningalítið opnað á skjánum strax að morgni, um leið og tölvupósturinn,“ segir Guðjón og bætir við að eins og allir viti sé nauðsynlegt í rekstri fyrirtækja í dag að nýta sér upplýsingatæknina. „Floti er eðlileg og nauðsynleg afurð þeirrar þróunar sem hefur orðið í notkun upplýsingatækni í rekstri fyrirtækja.“

Mikil þróun hefur orðið á viðmóti og upplýsingum

Nýtt viðmót með fleiri notkunarmöguleikum var tekið í gagnið seinni hluta árs 2015. Að sögn Guðjóns hefur innstimplun ökumanna á bíl aldrei verið auðveldari eða ódýrari með nýrri lausn sem tekin var í notkun samhliða nýju viðmóti, sérstakur búnaður tengdur staðsetningarkerfinu heyrir nú sögunni til og einfaldari búnaður sem ekkert fer fyrir er notaður í staðinn.

## Mikill ávinningur fyrirtækja

Markmið með innleiðingu Flotakerfisins er mismunandi eftir því hvers konar fyrirtæki á í hlut.



Guðjón Ýmir Lárusson ásamt starfsfólki forðastýringarsviðs Flotalausna. Guðjón segir fleiri fyrirtæki markvisst vera farin að nýta sér Flotakerfi Trackwell í stjórnun bifreiða og tækjafloata. MYND/ANTON

Reikna má út ávinning með einföldum hætti á heimasíðu Flota og sjá hvaða kosti það hefur í för með sér að taka upp flotastýringu.

Ávinningur viðskiptavina er oftast mældur í þremur þáttum að sögn Guðjóns:

- Lægri rekstrarkostnaður. Flest fyrirtæki leggja mikla áherslu á sparnað, umhverfismál og ímynd. Með betra aksturslagi, minni lausagangi og skilvirkari notkun hafa viðskiptavinir náð umtalsverðum árangri í sparnaði á rekstri bílafloata.
- Bestun á notkun. Með því að skilgreina og besta akstursleiðir, vakta heimsóknir og úthluta



- Eftirfylgni verkefna einfaldast til muna
- Sparnaður í rekstri verður auðveldur
- Umhverfisásýnd batnar
- Innskráning á ökutæki er sáraeinföld
- Birting akstur tíma úr ökurita stærri bíla
- Sjálfvirkir utanumhald fyrir viðhald og þjónustu

verkefnum til rétttra aðila á réttum tíma má samhliða bæta nýtingu farartækjanna og auka þjónustu og ánægju viðskiptavina.

- Umsjón tækja og vöktun. Mikil verðmæti eru bundin í hvers konar tækjum eins og alþekkt er. Að hafa eftirlit með viðhaldi og fá yfirlit yfir hvar tækin eru á hverjum tíma hefur sparað viðskiptavininum umtalsverðan tíma og fjárhæðir. Vöktun á staðsetningu rafmagnslausra tækja, eins og vagna, grinda, gáma og þess háttar fer sífellt vaxandi og sparnaður sem hlýst til dæmis af endurheimt búnaðar af þessu tagi eftir hvarf er augljós.

## Hentar öllum fyrirtækjum

Trackwell býður upp á mismunandi þjónustuleiðir allt eftir því hver markmiðin eru með innleiðingu. Áður var algengt að einungis stærstu fyrirtækin nýttu sér þessa tækni en í dag eru það ekki síður lítil og meðalstór fyrirtæki sem sjá sér hag í kostnaðar- og verkstýringu með Flota,“ segir Guðjón. „Mikil stöðluð virkni er í kerfinu svo jafnvel lítil fyrirtæki hafa nú raunhæfan valkost til að ná stjórn á skipulagi og kostnaðarþáttum sem tengjast rekstri bílafloata.“

Allar nánari upplýsingar um Flota má nálgast á [www.floti.is](http://www.floti.is).

# VélRás



BIFREIÐA- OG VÉLAVERKSTÆÐI, ÁLHELLU 8, HAFNARFIRÐI

Sími 577-6670 og 555-6670

## Viðgerðir • Varahlutir • Þjónusta

[velras@velras.is](mailto:velras@velras.is) • [velras.is](http://velras.is)